

lega út af fyrir sig. Kjallaraibúðin er að vísu ekki slæm, en hefur þó ýmsa galla, sem jafnan fylgja kjallaraibúðum í eldri húsum. Verður því að telja, að allmikill gæðamunur sé á íbúðum þessum. Auk þess er augljóst, að því fylgja allmikil óþægindi að hafa íbúðarhúsnæði á tveimur hæðum húss, ekki sízt þar sem nokkur hluti þess er inni í annarri íbúð. Þykir því mega fallast á þá skoðun gerðarpóla, að hið framboðna húsnæði komi ekki að svipuðum notum og það, sem hann nú hefur.

Samkvæmt þessu ber að neita um hina umbeðnu gerð, og þykir eftir þessum málalokum og atvikum málsins rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarpóla kr. 500.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi, Marínó Ólafsson, Reynimel 37, greiði gerðarpóla, Gunnari Thorarensen, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar.

Miðvikudaginn 18. október 1950.

Nr. 48/1947. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn

Guðmundi Ingjaldi Ingjaldssyni
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Líkamsárás. Áverkabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn um þau atriði, sem greinir í úrskurði Hæstaréttar, uppkveðnum 31. janúar 1949.

Ákærði hefur kannast við, að hann hafi tvisvar lýst á hendur sér árás á Torfa Jónsson á Vesturgötunni í Reykjavík aðfaranótt hins 15. febrúar 1946. Hafi vitnið Guðbrandur Kristinn Mortens verið viðstaddur í annað skiptið, er ákærði

játaði á sig verknaðinn, en ákærði hefur sagt við framhalds-próf, að hann hafi þá verið algáður. Í hitt skiptið kunni hann að hafa lýst sig áráðarmann í návist þeirra Guðbrands Kristins Mortens, Jóns nokkurs Benjamínssonar og Hauks nokkurs Magnússonar. Við verknaðinum segist ákærði hafa gengið „í gamni og hugsunarleysi“. Vitnið Guðbrandur Kristinn Mortens skýrir svo frá, að ákærði hafi í viðurvist sinni játað, að hann væri valdur að árásinni, en ekki virtist Guðbrandi „sem ákærði játaði á sig þessa árás í neinum gáska“. Vitnin Jón Benjamínsson og Hauk Magnússon minnir, að þeir hafi heyrt ákærða lýsa árásinni á Torfa á hendur sér, er þeir voru með honum í bíl hér í bænum. Þegar ákærði kom fyrir dóm, kvaðst hann „enn ekki minnst þess, að hann hafi gert margnefnda árás á Torfa, og telja ósennilegt, að svo hafi verið“. Ákærði hefur verið krafinn sagna um vistarstaði sína 14. febrúar 1946, er var 25 ára afmælisdagur hans, og aðfaranótt hins 15. s. m., svo og um samvistarmenn sína þá, en engin viðhlítandi svör hefur hann gefið um þessi efni. Segist hann hafa verið við vándrykkju og muni hafa komið um borð í l/v Sverri og skálað við skipsfélaga sína.

Þegar til þess er litið, að ákærði hefur tvívegis að sjálfs sín sögn og vitna lýst sig valdan að árásinni á Torfa, að ákærði hefur enga viðhlítandi grein getað gert fyrir ferli sínum á 25 ára afmælisdegi sínum 14. febrúar 1946 og aðfaranótt hins 15. s. m. né fyrir vistarstöðum sínum þá og samvistarmönnum og að hann hefur fyrir dómi einungis komið svo að orði, að hann minnst þess ekki, að hann hafi framið árásina, þá verður að telja næga sönnun fram komna fyrir því, að ákærði sé valdur að téðum verknaði. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Kristján Sveinsson augnlæknir hinn 19. nóvember 1947 gefið vottorð um áverka þann, er Torfi Jónsson fékk í árásinni. Kveður augnlæknirinn sjón á vinstra auga Torfa samsvara 1/30—1/60 úr eðlilegri sjón. Hinn 16. apríl 1948 hefur Þórarinn Sveinsson metið örorku Torfa vegna árásarinnar þannig:

Tvo fyrstu mánuðina eftir árás 100%

Einn mánuð þar á eftir 60%

Einn mánuð þar á eftir 40%

Einn mánuð þar á eftir 25%

og 15% varanlega örorku upp frá því.

Samkvæmt þessu örorkumati hefur Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur reiknað örorkutjón Torfa Jónssonar samtals kr. 48629.06.

Torfi hefur krafizt bóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 18000.00 auk 6% ársvaxta frá 6. nóvember 1946. Ber að taka þessa kröfu til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði og dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa, áður dómur gekk í héraði, var mjög gölluð, og hefur ekki tekizt að ráða fulla bót á þeim mistökum með framhaldsprófum, enda ekki gerð nægileg gangskör að því að afla sönnunargagna, meðan þess var kostur. Þá hefur orðið óhæfilegur dráttur á málinu af hendi sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ingjaldur Ingjaldsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Torfa Jónssyni kr. 18000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1946 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna, Gunnars J. Möllers og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 8. jan. 1947.

Ár 1947, miðvikudaginn 8. janúar, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af settum sakadómarum Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 45/1947: Réttvísing og valdstjórnin gegn Guðmundi Ingjalði Ingjaldssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn sama dag, er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Ingjalði Ingjaldssyni kyndara, til heimilis á Reykjanesbraut 44, hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík frá 7. janúar 1930 til refsingar, greiðslu skaðabóta og greiðslu málskostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. febrúar 1921 að Melbæ á Seltjarnarnesi, og hefur hann, svo að kunnugt sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum.

- 1934 26/4 Rvík. Kærður fyrir þjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1936 12/4 Rvík. Kærður fyrir þjófnað.
- 1941 2/5 Rvík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 23/8 Siglufj. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 3/2 Rvík. Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1945 15/3 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri o. fl.
- 1946 21/1 Rvík. Sátt: 50. kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og skaðabætur eftir mati.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina.

Aðfaranótt þess 15. febrúar s. l. var Torfi Jónsson bifreiðarstjóri frá Laugabóli í Nauteyrarhreppi á gangi vestur Vesturgötu hér í bæ. Í kærnu sinni taldi Torfi þetta hafa gerzt aðfaranótt þess 14. febrúar, en eftir því, er síðar hefur komið í ljós við rannsókn málsins, hefur það verið aðfaranótt þess 15., sem fyrr segir, um kl 12½ eftir miðnætti. Í fylgd með Torfa, en þó eitthvað á eftir honum, var Þorbergur Skagfjörð Gíslason verkamaður, Bergstaðastræti 63, hér í bæ. Er komið var að horni Garðastrætis, vatt maður nokkur, sem Torfi bar þá ekki kennsl á, sér út úr bifreið, er þarna stóð á götunni, og greiddi honum að minnsta kosti eitt mikið högg á vinstra auga, og féll Torfi á götuna við það. Eftir það, telur hann, að árársarmaðurinn hafi barið sig og sparkað í sig, þar sem hann lá, en síðan skundað inn í bifreiðina aftur, og hún ekið á brott. Ekki er annað vitað um bifreið þessa en það, að hún hafi verið dökkrauð að lit. Við fyrrnefndar aðfarir missti Torfi meðvitund um stund. Fyrst í stað taldi Torfi Jónsson Guðbrand Kristin Mortens málara, til heimilis á Skothúsvegi 7, hér í bæ, hafa staðið að árás þessari, en síðar sannfærðist hann um, að svo hefði ekki verið, heldur hafi það verið ákærði, Guðmundur Ingjaldur, er hana gerði. Torfi kveðst ekki þekkja ákærða neitt, og veit hann ekki til, að hann hafi neina ástæðu haft til árásarinnar. Þá hefur Torfi loks látið þess getið við rannsókn málsins, að hann hafi verið ódrukinn, er árásin hafi átt sér stað.

Við margnefnda árás hlaut nefndur Torfi mikla áverka, og hefur síðar komið í ljós, að af hafa gerzt varanleg örskum á vinstra auga. Hefur

Kristján Sveinsson augnlæknir lýst ástandi hans þannig í 3 vottorðum. Þann 15. febrúar 1946 kveður hann Torfa hafa stórt hæmotom á vinstra, efra og neðra augnaloki, og miklar subconj. blæðingar á vinstra auga. Þar að auki hafi hann víða skrámur í andliti. Þann 30. marz s.l. lýsir sami læknir ástandi Torfa þannig:

„Ég undirritaður læknir hef skoðað Torfa Jónsson frá Laugabóli. Hefur hann ennþá mikið grugg í v. auga (glervökva) eftir blæðingu, svo sjón er mjög lítil ennþá (telur fingur fyrir framan augað). Sjúkl. er ennþá bólginn í efri og neðri kjálka, og hefur talsverð eymsli þar og í nefi. Báðir gómar (gervitennur) brotnuðu við höggið, er sjúkl. fékk, getur því ekki notað þá“.

Og loks þann 20. maí á þessa leið:

„Ég undirritaður læknir hef skoðað hr. Torfa Jónsson frá Laugabóli, N.-Ísafjarðarsýslu. Eftir fyrri skoðanir í vetur sást lítið inn í v. augað vegna blæðinga í glervökva augans, nú eru blæðingarnar að mestu horfnar, og sést þá, að æðahimnan hefur rifnað á stórum bletti, þar sem sjón augans er skörpust, svo útilokað er, að sjón geti nokkurn tíma jafnað sig að nokkru verul. leyti úr þessu.

Sjón v. auga er sem hér segir: Sjúkl. getur talið fingur í $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{2}$ meters fjarlægð og séð nálægt sér mjög stórt letur. Útsýni (sjónsvið) eðlilegt.“

Að árásinni er ekki vitað um nema einn sjónarvott. Er það fyrrnefndur Þorbergur Skagfjörð Gíslason verkamaður. Hefur hann við rannsókn málsins lýst málavöxtum þannig, að hann hafi ásamt Torfa Jónssyni gengið vestur Vesturgötu aðfaranótt þess 15. febrúar s. l. Hafi þá fólksbifreið stöðvazt við gangstéttina, þar sem þeir voru staddir, og hafi maður, er vitnið Þorbergur þekkti fyrir ákærða, undið sér út úr henni og greitt Torfa eitt högg í andlit, en eftir það hafi árásarmaðurinn skundað inn í bifreiðina og hún ekið á brott. Árás þessa telur vitnið hafa verið með öllu tilefnislausu, og hafi þeir Torfi og ákærði ekki talað orð saman þarna á undan henni. Þetta vitni kveðst þess fullvíst, að Guðbrandur Kristinn Mortens, er það þekkir í sjón, hafi ekki átt hlut að árásinni, heldur hafi það verið ákærði. Þá heldur vitnið því fram, að bæði Torfi og það hafi verið ölvaðir, er þetta gerðist.

Framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði sínum.

Auk nefnds Þorbergs hafa verið kvaddir sem vitni í máli þessu þeir Guðbrandur Kristinn Mortens málari, sem áður er getið, og Jón Benjamínsson sjómaður, til heimilis á Hverfisgötu 73, hér í bæ. Bæði þessi vitni hafa borið það fyrir rétti, að þau hafi heyrt ákærða játa það eftir árásina á Torfa, að hann hefði átt hlut að henni. Vitnið Jón Benjamínsson kveðst hafa heyrt ákærða gera þessa játningu, er það var statt í bifreið með honum á síðastliðnum vetri, en ekki hefur það getað gert fullnægjandi grein fyrir öðrum, er á þetta hlýddu, en vitnið Guðbrandur Kristinn kveðst hafa setið á veitingahúsi með ákærða stuttu eftir árásina, og hafi þá Torfi komið þangað inn af tilviljun. Hafi þá ákærði sagt við vitnið eitt-hvað á þessa leið: „Ég sló þenna niður“. Á þetta tal þeirra vitnisins og ákærða hafi engir aðrir hlustað.

Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi átt 25 ára afmæli þann 14. febrúar s.l. Hafi hann dag þenna verið staddur í Reykjavík, en annars var hann um þessar mundir kyndari á 1/v Sverri, er þá hélt uppi fiskflutningum til Englands. Minnst ákærði þess, að hann hafi neytt áfengis þenna dag, og hafi hann komið um borð í fyrrnefnt skip um miðjan þenna dag og skálað við skipverja í tilefni afmælisins. Hann telur ósennilegt, að hann hafi verið ölvaður langt fram eftir aðfaranótt þ. 15. febrúar s.l., þar eð hann telur sennilegt, að hann hafi þurft að hefja vinnu snemma næsta morguns. Ákærði hefur ekki getað gert grein fyrir ferli sínum þenna dag við rannsókn málsins, en hann hefur staðfastlega neitað því, að hann minnst þess, að hann hafi lent í nokkrum átökum við Torfa Jónsson um kvöldið eða nóttina, og hafi hann þá ekki einu sinni þekkt Torfa fyrir annan. Hins vegar hefur hann á lokastigi rannsóknar málsins viðurkennt, að hann hafi sagt það við Guðbrand Kristin Mortens, að hann hefði slegið Torfa, og einnig telur hann vel geta hafa átt sér stað, að hann hafi einnig játað þetta í áheyrn Jóns Benjaminssonar. Telur hann sig hafa verið undir áhrifum víns, er hann gerði þessa játningu. Við fyrstu yfirheyrslu kvaðst þó ákærði minnst hvorugs þessa, en breytti síðar framburði sínum, eins og fyrir segir.

Hefur nú verið getið um það í framburði ákærða og vitna, er talið er skipta máli í þessu sambandi.

Ber þá næst að athuga, hvort ákærði telst fundinn sekur um brot á lögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, er mál þetta hefur verið höfðað fyrir brot á.

Með eiðsvörnum framburði vitnisins Þorbergs Skagfjörðs Gíslasonar um það, að ákærði hafi átt hlut að margnefndri árás, svo og reikulum framburði ákærða varðandi það, hvort hann sé valdur að henni eða ekki, þar eð hann hefur við rannsókn málsins viðurkennt að hafa játað hana á sig í áheyrn annarra, en telur sig hins vegar ekki minnst þess að hafa gert hana, verður að telja nægilega sannað, að ákærði sé valdur að árásinni.

Við rannsókn málsins hefur ekkert komið fram, er réttlæti árásina á nokkurn hátt. Þvert á móti bendir allt til þess, að hún hafi verið tilefnislaus með öllu, og telst ákærði með atferli sínu hafa brotið 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá hefur ákærði játað, að hann hafi verið ölvaður umrædda nótt. Þar eð sú niðurstaða er fengin, að ákærði hafi verið valdur að árásinni á Torfa Jónsson, þykir hann einnig með tilliti til þeirra óspekta, er hljóta að hafa staðið í sambandi við hana, hafa brotið 18. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930. Samkvæmt 218. gr. hegningarlaganna, 38. gr. áfengislaganna og 96. gr. lögreglusamþykktarinnar þykir refsing ákærða með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna og þegar þess er gætt, hver örkuhlutust af árásinni, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Magnús Thorlacius hrl. hefur f. h. Torfa Jónssonar lagt fram við rannsókn málsins skaðabótakröfu á hendur ákærða að upphæð kr. 18000.00 — átján þúsund krónur — ásamt 6% ársvöxtum frá 15. febrúar 1946 til

greiðsludags vegna atvinnutjóns, þjáninga og skapraunar af árásinni og afleiðingum hennar. Auk þess hefur hæstaréttarlögmaðurinn krafizt innheimtulauna samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Meiðsli Torfa eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða bætur honum til handa vegna þeirra. Þó þykir ljóst með hliðsjón af læknisvottorðum þeim, sem fyrr er getið, að hann eigi kröfu til riflegra bóta úr hendi ákærða. Óvarlegt þykir þó að taka kröfuna til greina að fullu, og þykir eftir atvikum hæfilegt að dæma ákærða til að greiða Torfa Jónssyni kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur — í skaðabætur ásamt 6% ársvöxtum af nefndri upphæð frá 6. nóvember 1946, en þá var bótakrafan gerð, til greiðsludags. Innheimtulaunakrafa hæstaréttarlögmannsins verður eigi tekin til greina.

Ákærða ber einnig að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Á rekstri máls þessa hefur orðið nokkur dráttur. Stafar hann af því, að vitnið Þorbergur Skagfjörð Gíslason var fjarverandi úr bænum síðastliðið sumar, er málið var tekið til réttarrannsóknar hér, og enn fremur hefur reynzt mjög erfitt að hafa upp á ákærða, sem er sjómaður og skipti að minnsta kosti einu sinni um skipsrúm, meðan á rannsókn málsins stóð.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Ingjaldur Ingjaldsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Hann greiði innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa Torfa Jónssyni kr. 10000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1946 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.